

2. Í Faxaflóa á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða og í réttvísandi vestur frá þeim:

a) $64^{\circ}12'$ n.br., $22^{\circ}20'$ v.lg.

b) $64^{\circ}25'$ n.br., $22^{\circ}30'$ v.lg.

Að vestan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílu vestur af Garðskagavita ($64^{\circ}04,9'$ n.br. $22^{\circ}41,7'$ v.lg.) í Malarrifsvita ($64^{\circ}43,7'$ n.br. $23^{\circ}48,5'$ v.lg.).

2. gr.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 24. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

8. ágúst 1969.

Nr. 168.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Felld verður niður stöðvunarskylda á Klifvegi gagnvart umferð um Bústaðaveg.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. ágúst 1969.

Sigurjón Sigurðsson.

1. september 1969.

Nr. 169.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Langholtsvegur verður aðalbraut þó þannig, að umferð um hann víki fyrir umferð um Suðurlandsbraut og Kleppsveg.

Lögreglustjórinn í Reykjavík 1. september 1969.

Sigurjón Sigurðsson.